

Þegar lóð er lögð til, er það rafveitunni gert að kostnaðarlausu og skal í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa, að dómi rafveitustjóra.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal greiða gjald fyrir enduropnun kr. 1 220.00 á hvern máli.
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni tafarlaust lokað, og ekki opnuð aftur fyrr en notandinn hefur bætt úr því, og greitt kr. 1 220.00 fyrir enduropnun til innheimtu rafveitunnar.

V. SÖLUSKATTUR O. FL.

Söluskattur er innfalinn í gjaldskránni svo og viðlagagjald og verðjöfnunargjald nema annað sé ákveðið.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að gilda sbr. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 343 28. október 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Húsavíkur.

I. RAFORKA

Rafveita Húsavíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

11. Um kwst.mæli á kr. 34.00 hverja kwst.
12. Um kwst.mæli á kr. 14.50 á hverja kwst. auk fastagjalds af gólfleti í rúmi því, er lýsa skal.

Fastagjald reiknast þannig:

- a) Fyrir verslanir, vinnustofur og skrifstofur kr. 11.40 á ferm. á mánuði.
- b) Fyrir geymslur, verbúðir o. þ. l. kr. 5.80 á ferm. á mánuði.

B. Almenn heimilisnotkun.

21. Um kwst.mæli kr. 8.50 á hverja kwst. auk fastagjalds er nemi kr. 63.00 á mánuði af hverju herbergi.

Í útreikningi á fjölda herbergja skal telja öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi, hol og eldhús, en ekki baðherbergi, ganga eða geymslur. Herbergi, sem er minna en 5 ferm., telst sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.

C. Vélanotkun.

31. Um einn kwst.mæli þannig: Á kr. 23.40 kwst.ársnotkun.
32. Til matvælaíðnaðar, ef uppsett vélaafl fasttengdra véla er yfir 1.0 kwst.:
- Kr. 6.90** hver kwst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 1½ klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar.
 - Kr. 9.30 hver kwst. án skilyrðis um lokun fyrir straum.
 - Um afl- og orkumæla (mestaafismæla) þannig reiknað:
Aflgjald af notuðu afli kr. 9 370.00 á kw. á ári.
Orkugjald af allri orkunotkun kr. 3.24 á kwst.
 - Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má selja þannig:
Um kwst.mæli á kr. 3.24 hverja kwst., auk fastagjalds, kr. 7 400.00 á ári fyrir hvert kw. í málaun véla.

D. Hitun.

41. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 4.00 hver kwst.
42. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 2.11 hver kwst., enda megi rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.
43. Til húshitunar um kwst.mæli kr. 1.90 enda megi rjúfa strauminn í allt að 4½ klst. á tíma mesta álags rafveitunnar um hádegi og síðdegis.

Önnur skilyrði fyrir rafnotkun til hitunar.

- Að vélarafl, línur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
- Að notendur setji sjálfvirka rofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra.
- Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð eftir fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofa og hitastillar notaðir.

E. Önnur raforkunotkun.

- Til vinnulagna við byggingar meðan á byggingu stendur, um kwst.mæli kr. 14.50 hver kwst.
- Til götu- og hafnarlýsingar kr. 3 830.00 á ári hvert ljósker, enda kosti rafveitan nýbyggingar, rekstur og viðhald ljósakerfisins.
Alla raforkunotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A-1.

Þegar sérstaklega stendur á er rafveitustjóra þó heimilt að selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notanda.

Greiða skal leigu af mælitækjum sem hér segir:

- | | |
|--|------------------|
| 1. Af einfasa mælum 50 amp. og minni | kr. 63.00 á mán. |
| 2. Af þrífasa mælum 50 amp. og minni | — 65.00 - — |
| 3. Af þrífasa mælum 50—100 amp. | — 90.00 - — |
| 4. Af mestaafismælum 100 amp. og minni | — 160.00 - — |
| 5. Af mestaafismælum stærri en 100 amp. | — 200.00 - — |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem nefnd eru, skal ársleigan vera sem næst 15% af verði mælitækja.

Leigan innheimtist um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Stofngjald kr.	Lengdargjald kr.
1. 60 A 1-fasa	3 240.00	1 380.00
2. 60 A 3-fasa	3 240.00	1 680.00
3. 100 A 3-fasa	9 600.00	1 900.00
4. 200 A 3-fasa	33 000.00	2 890.00

Lengd heimtaugar reiknast í heilum metrum frá lóðarmörkum eða næsta úti-tengikassa að stofntengikassa hússins. Rafveitan ákveður legu heimtaugar.

Gjaldskrá þessi gildir á skipulögðum svæðum í Húsavík. Sé um óskipulögð svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar er heimilt að krefjast aukagjalds af húseiganda.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna ákveðins notanda og hún að mestu leyti í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til húsnæði undir stöð-ina rafveitunni að kostnaðarlausu.

Heimtaugar í peningshús, heitinga- og bílskúra greiðast eftir reikningi.

Heimtaugargjald greiðist við umsókn.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir reikning, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 300.00.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað og verður hún ekki opnuð fyrr en notandi hefur greitt kr. 300.00 gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Innifalið í gjaldskrá þessari er 19% söluskattur og 13% verðjöfnunargjald. Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi skv. heimild í auglýsingu nr. 7 23. janúar 1975. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 344 4. nóvember 1974.

Iðnaðarráðuneytið, 31. janúar 1975.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á**Rafmagnsveitna ríkisins.****Heildsöluverð.**

Gjaldskrá þessi er miðuð við afhendingu raforkunnar með 6—11 kV spennu og mælingu hennar á þeirri spennuhlið.

Gjaldskráin gildir um sölu til héraðsrafmagnsveitna og er miðuð við afhendingu orkunnar á einum stað í nánd við mörk orkuveitusvæðis þeirra.

Einnig er heimilt að selja öðrum raforkukaupendum samkvæmt þessari gjaldskrá, enda sé þá greitt fyrir minnst 800 kW afl og fyrir 6—11 kV aðfærsluveitu frá aðalkerfi Rafmagnsveitna ríkisins, miðað við fjarlægð, aflnotkun og samningsbundna tímalengd notkunar.